

# Stefnumörkun Landsbyggðin lifi - LBL

## Tilgangur:

Landsbyggðin lifi - LBL, er hreyfing fólks á Íslandi sem vill örva og efla byggð um land allt.

- *Að leggja fram okkar áherslur í byggðastefnu og taka þátt í mótun hennar til framtíðar.*
- *Að vera tengiliður á milli félaga, einstaklinga og hópa með sambærilegar áherslur.*
- *Að taka þátt í og afla þekkingar í gegnum erlent samstarf sambærilegra félaga.*
- *Að vinna að hvers konar sameiginlegum hagsmunamálum íbúa landsins.*

*Með hliðsjón af tilgangi samtakanna hefur stjórn LBL sett sér markmið og greint leiðir og skref að þeim.*

## Markmið

- Áhersla er lögð á að tengja fólk saman og hjálpast að við að mynda sterk heildarsamtök þeirra sem vilja efla heimabyggð sína og stuðla þannig að samstíga þróun byggðamála um land allt bæði efnahags- og menningarlega.
- Meginmarkmið og framtíðarsýn samtakanna LBL er að stuðla að myndun samstöðuhópa og félaga, helst í hverju sveitarfélagi landsins, og jafnframt að miðla upplýsingum og styrkja tengsl þeirra á milli, þeim til uppörvunar og leiðbeiningar og góðum málum til framdráttar.
- Efla vitund ungs fólks um eigið samfélag, auka bjartsýni þess á framtíðina, gleði þess yfir landinu, náttúru þess og möguleikum á hverjum stað með því að hvetja það til þátttöku í samfélagsmálum.
- Taka þátt í erlendu starfi sambærilegra félaga, bæði á Norðurlöndum og víðar í Evrópu.
- Áhersla er lögð á gott samstarf aðildarfélaga innan LBL svo og við félagasamtök sem starfa í þeim anda að styrkja heimabyggð sína – alls staðar á landinu. Samtökin LBL eru óháð stefnumörkun stjórn málaflökka.

## Leiðir

- Efla íbúalýðræði um allt land. Halda fundi og vekja athygli á kostum samstarfs.
- Vakin verður athygli á samtökunum, m.a. með greinargerðum og pistlum í fjölmiðlum.
- Senda frá sér ályktanir og athugasemdir um málefni líðandi stundar.
- Taka þátt í samstarfi innanlands með félögum og einstaklingum um áhugaverð verkefni.
- Vera þátttakendur í erlendu samstarfi og verkefnum m.a. með því að senda fulltrúa á fundi og ráðstefnur um byggðamál.
- Stefna að því að vera þátttakendur í byggðaþingum.

## Næstu skref

- Endurgera heimasíðu LBL, þar sem málefni líðandi stundar eru reifuð.
- Kynna Facebook síðu samtakanna. Landsbyggðin lifi - Farsæld til framtíðar
- LBL heldur áfram að kynna byggðastefnu sína og leita eftir samstarfi við ungt fólk um mótun hennar.
- Efla samstarf við sveitarfélög og aðildarfélög.
- Efla samstarf við Byggðastofnun og Nordregion.